

Fundargerð 488

Föstudaginn 26. júní 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir fundarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH) (í síma), Karl Björnsson (KB), María Hjálmsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ), Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Már Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lántaka og endurfjármögnun - til afgreiðslu
3. Samningur við EIF vegna Cosme - til afgreiðslu
4. Breyting lánaflokka - til afgreiðslu
5. Lánamál - til afgreiðslu
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
8. Nýbygging Byggðastofnunar - til kynningar
9. Næsti fundur
10. Önnur mál

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 487.

Formaður bar upp fundargerðina til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Lántaka og endurfjármögnun - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns rekstrarsviðs um lántöku Byggðastofnunar til fjármögnunar á lánveitingum hennar og endurfjármögnun á lánnum stofnunarinnar hjá Dexia Crédit sem MH og AÞ gerðu grein fyrir.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá og undirrita skuldbréf vegna lántöku hjá Endurlánnum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 2,5 milljarðar króna til allt að 15 ára og lántöku upp á 345 milljónir jena og 2,1 milljón evra til 10 ára til að endurfjármagna lán stofnunarinnar hjá Dexia Crédit Local.

Til máls tók HKH.

Formaður bar upp tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

3. Samningur við EIF vegna Cosme - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumönnum fyrirtækja- og lögfræðisviðs um aðild Byggðastofnunar að ábyrgðakerfi Evrópska fjárfestingabankans (EIF), eða svokölluðu COSME verkefni. Einnig liggja fyrir drög að samningi milli EIF og Byggðastofnunar. AÞ og AME kynntu.

COSME hefur það hlutverk að auka aðgengi fjármagns til aðila innan Evrópusambandsins og EFTA sem með einum eða öðrum hætti standa höllum fæti og eiga erfitt um vik með að nálgast fjármagn á opnum markaði. Þetta er gert í formi ábyrgða til hefðbundinna lánveitenda sem þar með draga úr áhættu þeirra við lánveitingar til þessara aðila.

Lagt er til að forstjóra verði heimilað að undirrita samning við EIF fyrir hönd Byggðastofnunar. Gert er ráð fyrir að nýir lánaflokkar verði kynntir formlega í september að afloknum sumarleyfum.

Til máls tóku MaH og KB,

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

4. Breyting lánaflokka - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasviðs um breytingar á lánaflokkum samhlíða aðild að ábyrgðakerfi EIF sem AME kynnti.

Eru gerðar breytingatillögur í tvennu lagi. Annars vegar breyting á núverandi lánaflokki óháð aðild að EIF verkefninu. Er þarna um að ræða mikilvæga breytingu út frá reynslu fyrri ára. Hins vegar breytingar á núverandi lánaflokkum vegna lána sem hljóta ábyrgð í gegnum ábyrgðakerfið auk tveggja nýrra lánaflokka.

Tillaga að breytingu óháð aðild að ábyrgðakerfi EIF.

Landbúnaðarlán hafa hingað til eingöngu verið veitt með verðtryggðum kjörum, nú 4,8% vöxtum. Til samanburðar eru almenn lán nú veitt með REIBOR + 3% og Græn lán með REIBOR + 2%.

Lagt er til að Landbúnaðarlán verði eftirleiðis einnig í boði með óverðtryggðum kjörum, REIBOR + 2,5%.

Tillaga að breytingum/nýjum lánaflokkum vegna lána sem veitt verða með ábyrgð EIF

Lagt er til að kjör og skilmálar lána sem veitt verða innan ábyrgðakerfis EIF breytist sem að neðan greinir:

- Græn lán
 - Allt að 90% veðsetning í fasteignum/lóðum/jörðum (var áður 75%)
 - Allt að 75% veðsetning í vélum og tækjum (var áður 50%)
- Lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna
 - Fyrirtæki verði hið minnsta í 75% eigu kvenna (var áður 50%)
- Nýsköpunarlán
 - Lán verði til allt að 10 ára (var áður 5 ár)
 - Heimild verði til greiðsluleysis fyrstu tvö árin og eingöngu vaxtagreiðslna þriðja árið (var áður greiðsluleysi fyrsta árið og vaxtagreiðslur næstu tvö á eftir)
 - Felld verði út krafa um breytirétt
 - Bætt inn kröfu um 50% sjálfsskuldaábyrgð eigenda/forsvarsmanna
- Lán til kynslóðaskipta í landbúnaði (lán til ungra bænda) - NÝR FLOKKUR
 - Allt að 90% veðsetning í fasteignum/lóðum/jörðum
 - Sömu vaxtakjör og á landbúnaðarlánunum
- Lán til fiskvinnslu/útgerða í Brothættum byggðum - NÝR FLOKKUR
 - Allt að 75% veðsetning í skipum með kvóta
 - REIBOR + 2,5%

- 4,8% verðtryggt
- 3,5% á LIBOR eða EURIBOR

Til máls tóku SJ, KB, MaH, GP, HKH, AÐ, HÁ og MBJ.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

5. Lánamál - til afgreiðslu

Engin mál voru á dagskrá.

6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrri fundinum liggur fundargerð lánanefndar nr. 23/20.

Til máls tók SJ.

7. Staða rekstrar- og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur staða rekstrar Byggðastofnunar 31. maí og staða verkefna skv. starfsáætlun sem AÐ kynnti.

Til máls tóku KB, GP og SJ.

8. Nýbygging Byggðastofnunar - til kynningar

Stjórn mun skoða nýja skrifstofu Byggðastofnunar að loknum fundi. Stefnt er að formlegri opnun 28. ágúst.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður 28. ágúst 2020 á Sauðárkróki.

10. Önnur mál

...

...

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:16

Magnús Helgason fundarritari
